

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Erni Ágústssyni um þjóðhagslega hagkvæmni byggðaaðgerða.

1. *Hefur farið fram mat eða rannsókn á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að styðja við byggðarlög?*

Fjöl margar rannsóknir hafa verið gerðar á ákveðnum aðgerðum sem gripið hefur verið til til stuðnings við byggðarlög og búsetu, sjá nánar 2. tölul.

2. *Hefur farið fram mat á gagnsemi mismunandi byggðaaðgerða?*

Lagt hefur verið mat á framkvæmd og árangur einstakra byggðaaðgerða. Skýrslur, greinar og úttektir sem Byggðastofnun hefur unnið um efnið eða látið vinna fyrir sig er að finna á vef Byggðastofnunar.

Eftirfarandi eru einstök dæmi:

Gert hefur verið mat á árangri lánastarfsemi Byggðastofnunar og ýmsum aðgerðum sem ráðist hefur verið í af hálfu ríkisins á undanförunum árum, svo sem mótvægisáðgerðum vegna þorskaflaskerðingar sem gripið var til árið 2008. Einnig hefur farið fram mat á árangri vaxtar-samninga og verið er að leggja mat á árangur verkefnisins *Brothættar byggðir*. Einnig er unnið að mati á hverju hinir mismunandi „byggðapottar“ í sjávarútvegi hafa skilað og nýbúið er að gera skýrslu um svokallað aflamark Byggðastofnunar (Vífill Karlsson).

Á árunum 2004–2009 fór fram viðamikil rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjun-arframkvæmda á Austurlandi. Hún var unnin á grunni þingsályktunar frá 2003 af Byggðar-rannsóknastofnun Íslands fyrir iðnaðarráðuneytið og Byggðastofnun.

Þá er ástæða til að benda á nýlega rannsókn á áhrifum Héðinsfjarðarganga sem unnin var af sérfræðingum við Háskólann á Akureyri undir heitinu *Samgöngubætur og byggðaþróun: Félagssleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverð-um Tröllaskaga*.

Gerð var viðamikil úttekt á þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætlun 2002–2006 og árangur af þeirri þátttöku metinn. Skrifstofa Norðurslóðaáætlunarinnar lét síðar framkvæma árangurs-mat fyrir áætlunartímabilið 2007–2013 sem kom út í september 2014. Þar var tekið úrtak verkefna og árangur þeirra metinn, áhrif verkefnanna á hlutaðeigandi samfélag og metnir þættir sem leiddu til árangurs verkefna.

Mat hefur verið unnið á samfélagsáhrifum einstakra stórra framkvæmda, svo sem álvers í Reyðarfirði, Hvalfirði, á Keilisnesi og Dysnesi.

OECD vann fyrir NORA (North Atlantic Cooperation) skýrsluna *OECD Territorial Reviews: NORA Region 2011: The Faroe Islands, Greenland, Iceland and coastal Norway* sem kom út árið 2011. Í skýrslunni er viðtækur samanburður á atvinnu- og byggðaðróun á framangreindum svæðum og snertir samanburðurinn að ýmsu leyti aðgerðir sem hafa áhrif á byggðaðróun.

Þá má einnig nefna að Nordregio, sem er samnorræn rannsóknastofnun Norðurlandanna á sviði byggðamála, hefur gert nokkrar skýrslur sem fjalla um byggðapróun og byggðaaðgerðir á Norðurlöndunum og þar með talið Íslandi.